

Hlöðungur

4. árg., 1. tbl. Apríl 2008

Nú í fyrsta sinn bara á rafrænu formil!

Nýjung!


Til að auðvelda eftirlit með ásókn starfsfólks í kaffitíma hefur framkvæmdaráð ákveðið að þeir sem skráð hafa sig í seinna kaffi muni framvegis bera grænar húfur svo hægt sé að greina þá frá öðrum gestum á kaffistofunni. Þeir sem eru ekki skráðir í seinna kaffi bera appelsínugular húfur. Nýju eftirlitsmynda vélarnar sem Nortek er að setja upp í kaffistofunni nema sérstaklega vel grænan og appelsínugulan lit svo það ætti að vera auðvelt að fylgjast með þessu.

Í boði eru tvær gerðir af húfum, ein fyrir karla og önnur fyrir konur. Hægt er að nálgast þær á skrifstofu landsbókavardar.



Sandra (43) og Hannes (19), nýir starfsmenn í skylduskilum og upplýsingatækni, voru ánægð með nýju húfunar.

Fólk í fréttum



Helgi B. varð 50 ára 17. janúar
Guðlaug G. varð 60 ára 9. apríl
Sólveig J. varð 70 ára 5. maí
Porleifur J. varð 60 ára 14. maí
Anna S. varð 40 ára 25. maí
Georg P. varð 40 ára 18. júlí
Þórir R. varð 70 ára 13. september
Kristín B. varð 60 ára 7. nóvember
Hallur H. varð 30 ára 17. desember
Sólveig Ö. varð 60 ára 30. desember

Stórafmælisbörn ársins

Stórafmælin verða nokkur þetta árið. Hér til hliðar er listi yfir þá sem fagna þeim. Sumir halda upp á annars konar tímamót á árinu, t.d. á Jökull Sævarsson, formaður Hlöðvers, 25 ára fermingarafmæli. Hann varð að heiman á afmælisdaginn.

Loks má ekki gleyma því að Landsbókasafn Íslands er 190 ára.



Hlöðver óskar þeim öllum hjartanlega til hamingju!

Lífsafl,

og þar með framlenging mannsæf-
innar, — sem í flestum tilfellum er
all of stutt, — fæst með því að neyta
daglega hius heimsfræga heilsubitt-
ers **Kína-lífs-elixírs**.

Krampi og taugaveiklun.

Eg undirrituð, sem í mörg ár hef
verið þjád af krampa og taugaveikl-
un og þeim öðrum lasleika, sem því
eru samfara, og árangurslaust leitað
margra lækna, votta með ánægju,
að eg hef fengið ósegjanlegan bata
við það að neyta hins fræga Kína-
lífs-elixírs frá Waldemar Petersen, og
finn, að eg má ekki án hans vera.

Agnes Bjarnadóttir.
Hafnarfirði, Íslandi.

Móðursýki og hjartveiki.

Eg undirrituð hef í mörg ár ver-
ið þjád af móðursýki, hjartveiki og
þar af leiðandi tauga-óstyrkleik. Eg
reyndi Kína-lífs-elixír Waldemars
Petersens, og þegar eg var búin að
neyta að eins úr 2 flöskum, fékk eg
bráðan bata.

Ólafía Guðmundsdóttir.
Þurá í Ölfusi, Íslandi.

Steinsótt.

Eg undirritaður, sem í 14 ár hef
verið þjáður af steinsótt og árang-
urslaust leitað margra lækna, reyndi
síðastliðið sumar hinn heimsfræga
Kína-lífs-elixír Waldemars Petersens,
og með því að neyta 2 matskeiða
af honum daglega, er eg nú orðinn
hressari og glaðari en um langan
undanfariun tíma og get stundað
störf mín bæði úti við og heima.

Carl Mariager,
Skagen.

Gætið þess vel, að hver flaska
sé með mínu löghelgaða vörumerki,
sem er Kinverji með glas í hendi og
V.P.
F. í grænu lakki á flöskustútnum.



Starfsmaður augnabliksins

- vinningshafi -

Búið er að fara yfir tölur um
starfsmann augnabliksins á
myndaveggnum á Inngangi fyrir
árið 2007.

Kom þar í ljós að Anna María
Sverrisdóttir hafði oftast verið
starfsmaður augnabliksins, eða
alls 3.682 sinnum.

Í öðru sæti var Sigríður Lára
Guðmundsdóttir með 3.243 skipti.

Næst komu:

| | |
|----------------------|-------|
| Auður Styrkárdóttir | 3.122 |
| Jökull Sævarsson | 3.026 |
| Baldvin Atlason | 2.860 |
| Eiríkur Pormóðsson | 2.757 |
| Ragna Steinarsdóttir | 2.715 |
| Helgi Bragason | 2.645 |

Að launum fær Anna María, um
mánaðamótin apríl/maí, nýja tölvu
frá tölvuþjónustu.

Hlöðungur er langbezta blað landsins!

Hlöðungur - trylltur tvíblöðungur!

Aðalfundur Hlöðvers

Aðalfundur Hlöðvers verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl kl. 10:30 í fyrirlestrasahúsi.

Dagskrá samkvæmt lögum félagsins er:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Ákvörðun félagsgjalds
4. Önnur mál

Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta.



Hinn eini ekta

BRAMA-LÍFS-ELIXÍR.

Meltingarhollur börð-bitter-essenz.

Þau 20 ár, sem almenningur hefir við haft bitter þenna, hefir hann áunnið sjer *mest álít* allra matar-lyfja og er orðinn frægur um heim allan. *Hann hefir hlotið hin hæstu heiðursverðlaun.*

Þá er menn hafa neytt *Brama-Lífs-Elixirs*, færast *þróttur* og *líðug-leiki* um allan líkamann, *fjör* og *framgirni* í andann, og þeim vex *kæti*, *hugrekki* og *vinnuáhugi*; *skilningarvitin skerpast* og unaðsemda lífsins *fá þeir notið með hjartanlegri ánægju.*

Sú hefir raunin á orðið, að enginu bitter samsvarar betur nafni sínu en *Brama-Lífs-Elixír*; en hylli sú, er hann hefir komið í hjá almenningi, hefir valdið því, að fram hafa komið ýmsar einkisverðar eptirstælingar, er vjer vörum við.

Kaupið *Brama-Lífs-Elixír* vörn *einungis* hjá þeim verzlunum, er sölu-uniboð hafa frá vorri hendi, sem á Íslandi eru:

Akureyri: Hra Carl Höepfner.
Gránutjelagið.
Borgarnes: — Johan Lange.
Dýrafjörður: — N. Chr. Gram.
Húsavík: — Örum & Wulff.
Keflavík: — H. P. Duus verzlun.
— Knudtson's verzlun.
Reykjavík: — W. Fischer.
— Jón O. Thorsteinson.

Raufarhöfn: Gránutjelagið.
Sauðárkrókur: —
Seyðisfjörður: —
Siglufjörður: —
Stykkishólmur: Hra N. Chr. Gram.
Vestmannaeyjar: — I. P. T. Bryde.
Vík pr. Vestmanna-
eyjar: — Halldór Jónsson.
Ærlækjarsel: Hra Sigurður Gunnlaugsson

Einkenni: Blátt ljón og gullinn hani á glasmíðanum.

Mansfeld-Büllner & Lassen.

Hinir einu, sem búa til hinn *verðlaunada* Brama-Lífs-Elixír.

Kaupmannahöfn, Nørregade 6.



Hlöðungur - með kínverskum keim!

Ritstjórn: Þórný Hlynsdóttir, Bryndís Vilbergsdóttir, Jökull Sævarsson og Hallfríður Baldursdóttir
Hönnun: Ýmsir
Ljósmyndir: Ýmsir Stílistar: Holly, Bridget og Kendra
Innbóstur: Kevin Federline

Ár rottunnar

Árið 2008 er ár rottunnar samkvæmt kínverskri stjörnuspeki. Þetta þýðir að ekki borgar sig að treysta á lukkuna á árinu, rottan sem er á sífelldu iði veit að iðni er það eina sem gildir. Hlöðverjum er því best að sleppa sumarfríi í ár en bæta frekar á sig aukavöktum á 3ju hæð fram eftir vori. En þar sem opnunartímar eru styttri á sumrin er vinnusömum Hlöðverjum bent á að oft vantar starfsfólk í ísbúðir þá. Eins vantar oft skálaverði á hálendið og nóg að starfa þar fyrir iðjusamar rottur. Þeir sem ekki fá sér aukavinnu í sumar nægir sjálfsagt að mála húsið, pallinn, slá gras og snyrta beð, en engar sólstrandaferðir í ár. Eins er fólk ráðlagt að fresta rannsóknarleyfum um óákveðinn tíma.

Getraun

Þekkirðu manninn?



Getraunin er í þyngri kantinum að þessu sinni. Hér koma nokkrar vísbendingar fyrir þá sem finnst erfitt að bera kennsl á manninn: Hann fæddist undir lok nítjándu aldar og dó um miðja þá tuttugustu. Hann var grænmetisæta og þótti heldur skapbráður.

Verðlaun handa þeim fyrstur sendir starfsmannafélagi bréfpóst með nafni mannsins eru vegleg: bók að eigin vali af gjafaborði afskráðra bóka við inngang bóklöðunnar.

Tapað — Fundið

Tapast hafa nokkrir gulir post-it miðar. Líklega nálægt fyrirlesttrasal. Fundarlaun í boði. Finnendur vinsamlegast snúi sér til Alta ehf.

Hvar eru inniskórnir mínir?
Skúli Björn.

Finn ekki Sverri.
Ármann.

Hjá handritum Halldórs Laxness í öryggisgeymslu fundust nokkrir velyddaðir blýantsstubbar. Eigandi hafi samband við Örn í handritadeild.

Hann Böðvar minn er týndur.
Ólafur Grímur. Afgreiðsla vísar á.

Finn ekki Ármann.
Sverrir.

Týndi þremur gulum kaffimiðum nálægt mötuneyti.
Enginn fundarlaun í boði.

Bragi.

Óska einnig eftir að kaupa ódýran rjómaþeytara.

Til sölu

Hef til sölu nokkur gömul Íslandskort. Ástand sæmilegt, fást ódýrt. Á sama stað einnig velmeðfarnar bækur.
Jökull.